

Formannafundur Kraft
11. október 2019
Föstudagur kl. 20.00
haldinn í íþróttamiðstöðinni á Akureyri

Dagskrá

- A) Fundarsetning
- B) Kosning fundarstjóra og fundarritara
- C) Mál frá stjórn KRAFT:
 - Mótaskrá 2020
 - Skráningar á innanlandsmót
 - Úrvalshópur Kraft
 - Dómaramál
 - Afreksstefna sambandsins
 - Endurskoðun samninga og reglugerða
- D) Önnur mál
- E) Fundarslit.

Mætt voru:

Gry Ek Gunnarsson, formaður Kraft

Alex Cambrey, ritari Kraft

Auðunn Jónsson, f.h. Breiðabliks

Ellert Björn Ómarsson, f.h. UMFN Massa

Grétar Skúli Gunnarsson, f.h. KFA

Júlían J. K. Jóhannsson, f.h. Ármanns

- A) Fundur settur 20.05.
- B) Kosning fundarstjóra og fundarritara.
Fundarstjóri var kosinn Gry Ek Gunnarsson og fundarritari Júlían J. K. Jóhannsson.
- C) **Mótaskrá ársins 2020** rædd, en hún hefur nú verið í birtingu inn á vef kraftlyftingasambandsins í u.þ.b. mánuð.
Kynntar voru m.a. eftirtaldar breytingar: Íslandsmeistaramót færð aftur á fyrri hluta árs og bikarmótin á síðari hluta árs, þá eru Íslandsmeistaramót í ungmenna- og öldungaflokkum færð aftur saman við Íslandsmeistarmótið í opnum flokki.
Um þetta spunnust nokkrar umræður m.a. m.t.t. mikilvægis tímasetninga móta varðandi keppendafjölda, tækifæri keppenda til að ná lágmarkum fyrir alþjóðlegmót og svo mót innanlands skarist ekki við alþjóðlegmót sem íslenskir keppendur stefna á að keppa á erlendis.
Þá voru félögin hvött til að sækja um mót. Fulltrúi KFA, Grétar Skúli, gaf þá út að KFA myndi ekki sækja um að halda nein mót á næsta ári (2020).

Um **skráningar á innanlandsmót**: gilda ýmsar reglur sem eiga sér flestar fyrirmynd í reglum alþjóðasambandsins IPF (e. International Powerlifting Federation). Frá því að þessar reglur voru samþykktar hafa flest félög fengið undanþágur frá þeim, sum fleiri en önnur, með það að ljósi að keppendur gjaldi ekki fyrir mistök þeirra sem sjá um skráningar fyrir félögin. Í ljósi kæru sem kraftlyftingasambandið fékk nýlega hefur stjórn sambandsins tekið þá ákvörðun að víkja hvergi frá þessum reglum þ.e. engar undanþágur verða veittar. Um skráningu á innanfélagamót gilda engar reglur og er því öllum félögum frjálst að halda slík mót til að trekkja að nýliða.

Því var beint til stjórnar að athuga með undanþágur frá felix-reglunum fyrir þá sem eru undir 18 ára aldri og/eða hafa verið virkir keppendur í öðrum íþróttum innan Í.S.Í.

Einnig var því beint til stjórnar að íhuga að halda áfram að veita undanþágur þar sem leiðinlegt væri ef keppendur þyrftu að gjalda fyrir mistök þeirra sem sjá um skráningar félaga á innanlandsmót.

Úrvalshópur ungmenna, sem er nýtt verkefni á vegum Kraft, var kynntur. Verkefnið er styrkt af Afrekssjóði Í.S.Í. og miðar að því að ná til ungra og efnilegra iðkenda með fræðslu, æfingabúðum og undirbúning fyrir æfingar og keppni. Lagt er upp með aldurshópin 14 – 20 ára til að byrja með og er verkefnið m.a. liður í undirbúningi fyrir NM ungmenna á næsta ári (2020).

Dómaramál voru rædd, en erfitt hefur verið að fá dómara til að dæma á mótum. Stjórn hvetur félögin til að senda dómara á öll mót. Rætt var hvort sambandið þyrfti að taka upp á því að greiða fyrir dómgæslu.

Endurskoðun afreksstefnu var kynnt og þær breytingar sem á henni voru gerðar. Þar fór mest fyrir markmiðum sambandsins í umræðum og vour ýmsar hugmyndir uppi. Gry Ek, formaður Kraft, kynnti hugmyndir stjórnar um að endurvekja fyrri hætti í markmiðasetningu sambandsins í afreksmálum. Þ.e. að makmið sambandsins verði aftur sett fram t.d. í fjölda gullverðlauna á ákveðnu móti og/eða silfurverðlauna o.s.frv. eins og tíðkaðist í afreksstefnu Kraft 2012 – 2015. Fulltrúi KFA, Grétar Skúli, bar fram þá hugmynd að markmið sambandsins í afreksmálum yði sett fram í fjölda iðkenda á nokkrum stigum kraftlyftingaiðkunar. Þar sem hann skipti iðkendum í þrjú stig, þar sem neðsta þrepið voru byrjendur, næst iðkendur sem ekki stefna á keppni, því

næst keppendur og efst afreksfólk. Í þessari hugmynd væru markmið sambandsins fjölgun iðkenda sem myndi þá líta þannig út að miðað yrði að því að fjölga iðkendum í neðsta þrepi um X og það myndi svo leiða af sér fjölgun um Y í næst neðsta þrepi og svo koll af kolli. Og beindi Grétar Skúli, fulltrúi KFA, þessari hugmynd til stjórnar.

Þá var því beint til stjórnar að gaman væri að taka saman fjölda íslenskra keppenda á alþjóðlegummótum síðastliðin 10 ár og sjá hvort sá fjöldi hafa aukist eða hvað?

Varðandi endurskoðun samninga og reglugerða þá kynnti fundarstjóri, Gry Ek, þá breytingu í landsliðssamningum að keppendur greini frá, við íþróttastjóra eða í landsliðssamningi, makmiðum sínum fyrir einstök mót og keppnisárið í heild sinni. En með því verði auðveldara að meta árangur keppenda.

D) Í efnisliðnum **önnur mál** voru nokkur mál rædd:

- Fulltrúi KFA, Grétar Skúli, beindi til stjórnar að mikilvægara væri að vinna að afreksþópum fyrir fullorðna en ungmenni.
- Fulltrúi KFA, Grétar Skúli, beindi til stjórnar að mikilvægt væri að sambandið myndi beita sér fyrir því að auðvelda félögum að hafa launaðann þjálfara.
- Fulltrúi UMFN Massa, Ellert Björn, tók undir þetta og lýsti uppgangi Massa undanfarin ár en það þakkaði hann þeirri vinnu sem félagið lagði í til að fá launaðan þjálfara.
- Í þessu samhengi, þjálfaramálum, barst talið að húsnæðismálum. Fulltrúi UMFN Massa, Ellert Björn, lýsti þá tröppugangi Massa í baráttunni fyrir stærra húsnæði svo: launaður þjálfari -> fleiri iðkendur -> stærra húsnæði.
- Fulltrúi KFA, Grétar Skúli, vakti þá máls á handbók sem hann hafði gert og sent á stjórn Kraft og hvatti stjórn Kraft til að fara yfir handbókina og vinna að opinberri handbók Kraft um staðlaðar reglur um æfingarsali, keppnisvelli, skipulag þjálfunar og rekstur aðildarfélaga.
- Fleiri fundargestir tóku undir með því að got væri ef Kraft gæfi út staðla um æfinga- og keppnisaðstöðu.
- Formaður Kraft, Gry EK, hvaddi sér hlóðs, og kynnti markmið stjórnarinnar um að koma kraftlyftingum inn í verkefni ÍSÍ um þjóðarleikvang í Laugardal og að aðal baráttumál stjórnar Kraft næstu árin væru þjálfara- og aðstöðumál aðildarfélaga.

E) Fundi slitið 22:00.